

# GÓLF - NÝMÁLUN

## STEINSTEYPT GÓLF

1. Þar sem slitálag er mikið, t.d. á verkstæðum, í verksmiðjum og í fiskvinnsluhúsum.

### Undirbúningur (1)

Flöturinn skal vera hreinn og þurr, sementsgjall skal fjarlægja með véslípun eða saltsýrubvotti.

Grunnun	Milliumferð	Lokaumferð (4)
<p><b>EPOXYLAKK (2)</b> Þynnt um 15-30% með EPOXYÞYNNI. Um 0,12 l/m<sup>2</sup> í umferð</p> <p><b>SAFÍR</b> Þynnt um 10-20% með KJARNAPYNNI. Um 0,12 l/m<sup>2</sup> í umferð</p> <p><b>EPOX 1</b> Þynnt um 10% með vatni. Um 0,10 l/m<sup>2</sup> í umferð</p>	<p><b>EPOXYLAKK</b> Óþynnt eða 5% þynnt. Um 0,10 l/m<sup>2</sup> í umferð</p> <p><b>SAFÍR</b> Óþynnt eða 5% þynnt. Um 0,10 l/m<sup>2</sup> í umferð</p> <p><b>EPOX 1</b> Óþynnt. Um 0,10 l/m<sup>2</sup> í umferð</p>	<p><b>EPOXYLAKK</b> Óþynnt. Um 0,10 l/m<sup>2</sup> í umferð</p> <p><b>SAFÍR</b> Óþynnt. Um 0,10 l/m<sup>2</sup> í umferð</p> <p><b>EPOX 1</b> Óþynnt. Um 0,10 l/m<sup>2</sup> í umferð</p>

2. Þar sem slitálag er lítið, t.d. þvottahús, geymslugólf og þar sem létt gangandi umferð er til staðar.

### Undirbúningur (1)

Flöturinn þarf að vera hreinn og þurr, laus við fitu og önnur óhreinindi. Ryk skal fjarlægja með ryksugun.

Grunnun	Milliumferð	Lokaumferð (4)
<p><b>KÓPAL GÓLFLAKK 50</b> Þynnt um 10-15% með VATNI. Um 0,10 l/m<sup>2</sup> í umferð.</p> <p><b>ÐDALGÓLFLAKK</b> Þynnt um 10-20% með MÍNERALTERPENTÍNU Um 0,10 l/m<sup>2</sup> í umferð</p> <p><b>EPOX 1</b> Þynnt um 10% með vatni. Um 0,10 l/m<sup>2</sup> í umferð</p>	<p><b>ENGIN</b> Óþynnt eða 5% þynnt. Um 0,10 l/m<sup>2</sup> í umferð</p> <p><b>ÐDALGÓLFLAKK</b> Óþynnt. Um 0,10 l/m<sup>2</sup> í umferð.</p> <p><b>EPOX 1</b> Óþynnt. Um 0,10 l/m<sup>2</sup> í umferð.</p>	<p><b>KÓPAL GÓLFLAKK 50</b> Óþynnt. Um 0,10 l/m<sup>2</sup> í umferð</p> <p><b>ÐDALGÓLFLAKK</b> Óþynnt. Um 0,10 l/m<sup>2</sup> í umferð</p> <p><b>EPOX 1</b> Óþynnt. Um 0,10 l/m<sup>2</sup> í umferð.</p>

## ÁBENDINGAR

**Almennt:** Ofangreindum gólflokkum skal hlífa við mikilli áníðslu fyrstu 3 - 5 dagana eftir málun.

1. a) Steinsteypa er um 3 til 4 vikur að ná fullum styrk. Á meðan hörðunartíma steinsteypunnar stendur er ekki ráðlagt að mála yfir flötinn.

b) Þegar mála á jarðgólf er rétt að athuga hvort gólfraki er fyrir hendi. Það má gera, t.d. með því að leggja plastdúk á gólfið, loka samskeytum plasts og gólfs og láta standa yfir nótt. Ef raki þéttist við plastið, þá getur verið varasamt að mála gólfið. Leitið þá álits sérfræðinga Málningar hf.

2. Varast ber að mála ferska, steinsteypa fleti með alkýðmálningu (t.d. ÐDALGÓLFLAKKI). Steinsteypa er þá enn mjög basísk (lútarkennd) og brýtur niður bindiefnið í málningunni, sem flagnar þá af fletinum. Þessi áhrif flatarins á málninguna kallast að málningin "sáapist".

3. a) Blanda skal lakki og herði gaumgæfilega saman í réttum hlutföllum og láta standa í 15-25 mín. fyrir notkun. Ef þynna á lakkið, skal það gert eftir blöndun herðis og lakks.

b) EPOXYLAKK harðnar ekki við hitastig undir 10°C og því hærra sem hitastigið er, þeim mun hraðar harðnar lakkið.

4. Fjöldi umferða, umfram grunnun og milliumferð, ræðst af kröfum um slitstyrk á hverjum stað.

	SAFÍR	EPOXYLAKK	ÐDALGÓLFLAKK	EPOX 1	KÓPAL GÓLFLAKK
Ammóníak ( < 25% )	1	1	3	2	3
Vatn	1	1	1	1	1
Bensín	1	1	2	1	2
Díselolía	1	1	2	1	2
Jurta- og fiskiolíur	1	1	2	1	2
Geymasýra	2	1	3	2	3
Saltsýra ( < 20% )	2	1	3	2	3
Vítissóti ( < 50% NaOH)	2	1	3	2	3
Mínalterpentína	1	1	2	1	2
Etanól ( > 15% )	1	2	2	2	2
Metýlenklóríð	3	3	3	3	3
Borðvín	1	1	2	1	2

Skýringar: 1= GOTT EFNAPÓL 2= TAKMARKAÐ EFNAPÓL 3= EKKI EFNAPÓLIÐ